

16. Frumvarp

til laga um búfjártryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1928.)

I. kafli.

Vátryggingarsjóðir sveita- og bæjarfjelaga.

1. gr.

Heimilt er sveita- og bæjarfjelögum á Íslandi að stofna vátryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna og fyrirkomulag fer eftir lögum þessum og nánari ákvörðun reglugerðar.

Yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, hefir atvinnumálaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining er rísa kann út af lögum þessum, nema um dómsmál sje að ræða.

2. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $\frac{4}{5}$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátrygðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskort, hirðuleysi eða handvömm hlutadeiganda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að áliti virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða- og afnotamissir sakir veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hjer segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í váttryggingu, fyr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn váttryggingasjóðsins krafist þess, að váttrygðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann er bólusetur. Váttrygging á kynbótahestum nær til slysa af vönun, þó því að eins að dýralæknir, eða annar maður er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, vani.

4. gr.

Váttryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 1. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að stofna váttryggingarsjóð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Takast má váttryggingarsjóður á hendur almenna váttryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar- og bæjarfjelögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að áliti Búnaðarfélags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli og aldrei getur váttrygging náð til vanhaldna á vorlömbum.

6. gr.

Hvergi má váttryggja annarsstaðar þann $\frac{1}{5}$ hluta af virðingarverði váttrygðra gripa, sem ekki er váttrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum og eigendur váttryggingarskyldra gripa í bæjarfjelögum og kaптúnunum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögsmætum fundi stofnað váttryggingarsjóð, samkvæmt lögum þessum.

Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppi, eða búfjáreiganda í bæjarfjelagi eða kaптúni sem er sjerstakur hreppur, ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrjett, án tillits til gripaeignar. Þó hafa formenn kynbótafélaga sjálfstæðan atkvæðisrjett fyrir kynbótagripi félaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögsmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum og formönnum kynbótafélaga með skriflegu fundarboði, og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum, eða kaптúnahreppum er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum váttryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað í bænum eða kaптúninu, eða með umburðarbrjefi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðum, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögsmætum fundi að stofna váttryggingarsjóð, eftir því sem fyr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnuáráðherra, en hann gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráð-

stafanir, sem hann telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að sjóðurinn geti tekið til starfa.

8. gr.

Sveitarsjóður í hreppum, en bæjarsjóður í bæjarfjelögum, ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvila á váttryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef váttryggingarsjóður hrekkur ekki til. En váttryggingarsjóður endurgreiðir slík lán, svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum, af aukaiðgjöldum.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum en í bæjum bæjarstjórn hefir með höndum alla stjórn og umsjón váttryggingarsjóðs og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrjett og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á, að iðgjöldin komist í váttryggingarsjóð á rjettum gjalddaga.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur sem um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skal skila reikningnum á þeim tíma, sem reglugerð ákveður.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sjer stjórn og umsjón váttryggingarsjóðs, eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfjelagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnumálaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rjett og skyldur gagnvart sjóðnum sem sveitar- eða bæjarstjórn.

10. gr.

Nú er váttryggingarsjóður stofnaður samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna til virðingarmenn 2 eða fleiri fyrir sjóðinn, eftir því sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn ákveður nánar, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til váttryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðun reglugerðar.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og váttryggjenda sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sjerstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

12. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum vátrygðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er vátryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans unsjá sem formanns í fjelagi, er gripina á eða hefir á leigu.

13. gr.

Nú eru gripir, sem vátrygðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrjetturinn einnig til vátryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rjetti sinum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rjett til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

14. gr.

Iðgjöld til vátryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 15. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær bestu upplýsingar um vanhöld, sem ráðherra getur aflað sjer á annan hátt. Heimilt er ráðherra jafnan að breyta iðgjöldum, þegar honum þykir ástæða til, svo að þau sjeu í sem bestu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal hann breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

15. gr.

Til leiðbeiningar um rjettlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjalda-greiðslum, skal atvinnumálaráðherra leggja fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi sem ráðherrann ákveður. Skal skýrslum þessum fyrst safnað árið 1928 og uppfrá því svo lengi sem þurfa þykir, og eigi skemur en í 5 ár.

II. kafli.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

16. gr.

Árið 1929 skal stofna sjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands með tillagi úr rikissjóði, er nemi 15 þúsund krónum árlega í 20 ár samfleytt. Hlutverk sjóðsins er að endurtryggja vátryggingarsjóði sveita- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í Búfjártryggingarsjóði Íslands skulu allir vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfjelaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum, endurtryggja fyrir

skaða, sem verður á vátrygðum gripum, umfram áætluð venjuleg vanhöld, og skylt er að bæta, enda greiði vátryggingarsjóðirnir $\frac{1}{5}$ hluta af iðgjöldum sínum í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

Atvinnumálaráðherra ákveður hvað teljast skuli venjuleg vanhöld, sbr. 14. og 15. gr. Hann ákveður og í reglugerð gjalddaga endurtryggingariðgjalda og um greiðslu skaðabóta úr Búfjártryggingarsjóði, svo og um önnur viðskifti hans við vátryggingarsjóðina.

18. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjártryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fje hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

Búfjártryggingarsjóður Íslands skal árlega leggja 5–10% af endurtryggingargjaldi hvers vátryggingarsjóðs sveitar- og bæjarfjelaga — undir nafni hans sem vaxtaeiganda — inn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, en hálfir vextir greiðist Búfjártryggingarsjóði Íslands upp í aukagjöld hvers vátryggingarsjóðs, samkv. 19. gr., þegar ekki verður hjá þeim komist, en ella leggist allir vextir við höfuðstól.

19. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á vátrygðum gripum, sem endurtrygðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá rikissjóður lána vaxtalaust það sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfjelaga aukagjöld, í rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem um fram er 25 þúsund krónur, greiðist rikissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

20. gr.

Nú er atvinnumálaráðherra færðar líkur fyrir því, að of há sje vátryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri vátryggingarfjelögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er honum þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu í þeim fjelögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi vátryggingarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um nánara fyrirkomulag á tryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfelaga og á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun vátrygðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera $\frac{1}{5}$ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum sbr. 14., 15., 17. og 19. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfélögum á landinu.

22. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um hveruig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar hvað telst til vanhalds, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðherra prenta eyðublöð fyrir vátryggingarskirteini handa öllum vátryggjendum og sjeu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern vátryggjanda.

Ábyrgð vátryggingarsjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskirteini, eða greiðsluskirteini fyrir iðgjaldi. Enn fremur lætur ráðherra prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingarsjóðina og Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjórnanna.

23. gr.

Gerðabækur og vátryggingarbækur fyrir vátryggingarsjóði og Búfjártryggingarsjóð Íslands lætur ráðherrann tilbúa og fá vátryggingarsjóðirnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar í stað hinnar eldri, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum allt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

24. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skirteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

25. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á ákvæðum laga þessara og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar 5–200 kr., er renna í sjóð þann, er brotið er við.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Langt er síðan mönnum varð það ljóst, að búfjárrækt væri áhættumikil borin saman við tekjur þær, sem hún gefur í meðalári. Hafa bættarnar aðallega verið með tvennu mótri: fódurskortur og hætta af slysum og sjúkdómum. Einkum hefir þótt mikið við liggja að tryggja fyrir fódurskort, því gömul reynsla segir, að vel fódrað búfje sje alla jafna vanhaldalítið. Undanfarin ár hefir nokkuð verið að því unnið að tryggja búfje fyrir fódurskort, bæði með löggjöf og frjálsum sjelagsskap, og hefir nokkuð orðið ágengt, þó sú trygging hafi óviða orðið svo örugg sem skyldi. Fódurtryggingunni er þó svo langt komið, að ósennilegt er að verðmætustu gripir búanna, svo sem kýr og kynbótagripir þeir, sem verðmætastir eru, falli fyrir fódurskort. Aftur á móti eru þessir gripir svo verðmætir, að meðal bónda, hvað þá minni, er tilfinnanlegt, þó hann missi ekki nema einn slíkan grip, t. d. kú eða valinn hrút. Ennfremur er það reynt, að með vaxandi ræktun gripanna verða þeir finbygðari og því hættara við ýmsum kvillum. Vex því nauðsyn bænda ár frá ári að geta váttrygt gripi sína. Loks er að nefna þá verðhækkun, sem orðið hefir á kynbótagripum síðustu árin. Kynbótahrútar seljast nú alt að 200 kr. og stóðhestar alt að 1000 kr., þó er sennilegt að verð þessara gripa hækki til muna á næstu árum, jafnframt því sem mönnum skilst til hlítar, að þeir gripir sjeu »metfje«, eins og þeir eru nefndir í Búalögum. Fátækir menn hafa því ekki efni á að kaupa kynbótagripi, nema þeir um leið geti váttrygt þá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að vátbyggja megi alt búfje í þeim sveitum, sem hafa trygt sig gegn voða af fódurskort. Þó virðist ekki hægt fyrir vátbygg-ingarsjóði, eins og enn standa sakir, að tryggja unglömb, því vanhaldahætta þeirra er mjög misjöfn í sveitunum, og víða þar sem fjörubeit er notuð mikið, er áhættan með lömbin svo mikil, og mörg vafaatriðin um handvömm, að ekki getur komið til mála að vátbyggja þau. Þá fyrst, þegar fundnar eru ástæðurnar fyrir landlægum vanhöldum á lömbum á hverjum stað, er hægt að ráða bót á þeim, og þegar vanhöldin eru komin niður í meðallag þeirra sveita, sem ekki liggja undir sjerstökum vanhöldum á þeim, vegna bættrar meðferðar, er tími kominn til að vátbyggja þau. Aftur á móti virðist mega tryggja þau strax fyrir vanheimtum að haustinu.

Með almennum búfjártryggingum verður búfjeð vedhæft. Er það bændum mikið hagræði, þar sem um lánsþörf er að ræða, því bæði eru veðlán ódýrari en önnur lán, og að öllu leyti heilbrigðara, að bændur geti fengið lán út á eignir sínar, án annara hjálpar, heldur en að þurfa í hvert sinn að fá ábyrgðarmann, þó um smálán sje að ræða.

Um fyrirkomulag búfjártrygginganna gat verið um ýmsar leiðir að ræða.

Í þessu frumvarpi er stungið upp á þeirri tilhögun, að gefa heimild til að stofna váttryggingarsjóð í hverju sveitar- og bæjarfjlagi, og að ríkissjóður stofni jafnframt endurtryggingarsjóð, er nefnist Búfjártryggingarsjóður Íslands, með árlegu tillagi næstu 20 árin, eigi minna en 15 þús. kr. á ári, en auk þess fái hann $\frac{1}{6}$ hluta allra iðgjalda hinna einstöku váttryggingarsjóða, gegn því að bæta þeim þann skaða, er þeir hljóta af vanhöldum um fram meðallag. Þykir þetta nauðsynlegt, til tryggingar, því þegar svo vill til, að óvanalega mikil vanhöld eru í einstakri sveit, gæti hlutadeigandi váttryggingarsjóði orðið um megn að standa straum af tryggingunum nema þá að íþyngja búfjáreigendum tilfinnanlega. Aftur er ósennilegt, að endurtryggingarsjóðurinn verði oft fyrir stórum útborgunum, því fágætt er að óáran og heilsuleysi búfjár nái yfir mikinn hluta landsins í senn.

Til mála gat komið að stofna aðeins eina búfjártryggingarsjóð fyrir allt landið, þar sem hægt væri að tryggja búfje beinlínis. Ekki þótti þó fært að leggja það til, því líklegt er að starfræksla slíks sjóðs hefði orðið tilfinnanlega dýr og stjórnendur hans oft hlotið að breyta nægilegan kunnugleika í einstökum sveitum, hvað þá heimilum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að gefin verði út reglugerð, sem segi nánar fyrir um tilhögun trygginganna, svo og að ákveðið verði nm iðgjaldahæðina, eftir því sem reynslan sýnir hæfilegt.

Um einstakar greinar frumvarpsins og málið í heild sinni nægir að öðru leyti að vísa til Búnaðarþingtiðinda 1925 og 1927, og ritgerðar um búfjártryggingar, sem prentuð er í 40. árg. Búnaðarritsins, ásamt uppkasti að reglum fyrir búfjártryggingarfjelög í sveitum og uppkasti að frumvarpi fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands.